

**Nd.**

**886. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umhöðsstjórn Íslands.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og risnufje, eftir reikningi, alt að 4000 kr. ári.

2. Fyrirsögnin hljóði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.